

Fundargerð

Teamsfundur stýrihóps

Dags. fundar: 18.02.2020	Staðsetning: Teams	Fundur settur: 14:15
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 14:45

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
x	Arnar Úlfarsson	Austurbrú
x	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
x	Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Alcoa Fjarðaál
x	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
x	Hjalti Jóhannesson	Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri
x	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

1. Ársfundur

- a. Ársfundur verður haldinn í Hótel Valaskjálfr 28. apríl kl. 14 – 17.
- b. Fundurinn verður settur af fulltrúa LV
- c. Samkvæmt hefð verður bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs fundarstjóri.
- d. Þetta er 10. ársfundur verkefnisins og í tilefni þess verði boðið upp á tertu.
- e. Dagskrá
 - i. Á fundinum verði sjónum beint að jafnréttismálum. Fenginn verði gestafyrirlesari með sérþekkingu á sviðinu, en einnig kæmi innlegg frá Alcoa og Landsvirkjun um jafnréttismál innan fyrirtækjanna.
 - ii. Rætt að jafnréttismál má skoða út frá ýmsum vinklum og gaman ef hægt væri að fjalla um þau á breiðum grunni. Eins væri áhugavert að bera saman stöðuna á Austurlandi miðað við önnur svæði.
 - iii. Í tilefni 10 ára afmælisins verði upphaf verkefnisins rifjað upp.
 - iv. Nýr vefur verkefnisins verður vígður á fundinum og þarf að gera ráð fyrir tíma til að sýna hann.
 - v. SV setur upp drög að dagskrá og sendir á hópinn.

Verkefni	Ábyrg/ur
Hafa samband við mögulegan gestafyrirlesara	SV
Tilnefna fulltrúa Landsvirkjunar til að setja ársfund	ÁÓ
Óska eftir að bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs taki að sér fundarstjórn	FÆ
Finna fulltrúa til að kynna stöðu jafnréttismála innan Alcoa og Landsvirkjunar	ÁÓ/DÝS
Hafa samband við upphafsmenn verkefnisins innan Alcoa og Landsvirkjunar	ÁÓ/DÝS
Setja upp drög að dagskrá	SV